

Hvað er að fréttu af framgangi starfshóps um úthlutun í búsetukjarna?

Ólíkt hinum 10 starfshópum þessa verkefnis tók úthlutunarhópurinn við vinnu sem framkvæmdahópur Straumhvarfa hafði unnið að frá byrjun árs 2007. Meginverkefni okkar hefur verið að tryggja þjónustu fyrir einstaklinga sem skilgreindir voru árið 2005 með þörf fyrir búsetu og sértæka þjónustu.

Þar sem um tíma gekk erfiðlega að finna húsnæði í Reykjavík sem talið var hentugt fyrir búsetukjarna, erum við sérstaklega ánægð með að á næsta ári verða teknir í notkun sjö búsetukjarnar fyrir 38 einstaklinga.

Samvinna innan hópsins sem og við aðra starfshópa hefur verið árangursrík. Við störfum t.d. náið með starfshópi sem sér um undirbúning búsetukjarnanna, starfshópi um hugmyndafræði og þjónustustefnu o.fl. Ákvörðun um úthlutun byggist á ýmsum forsendum. Má þar nefna staðsetning kjarnanna og fötlun íbúa. Þannig þarf einstaklingur sem hefur skerta líkamsfærni að búa í húsnæði sem tekur mið af sértækum þörfum líkamlegrar fötlunnar.

*Hver erum við:
Björg Karlsdóttir,
Landspítali/Háskólasjúkrahús
Halldór Kr. Júlíusson,
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í
Reykjavík
Jóna Rut Guðmundsdóttir,
Velferðarsvið Reykjavíkurborgar*

Ánægjulegt er að greina frá því að einn búsetukjarni var tekinn í notkun í október síðastliðnum í hverfi þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness. Við sem sitjum í úthlutunarhópnum verðum beint vör við þær breytingar sem búseta hefur á líf einstaklinganna. Í mörgum tilvikum er um að ræða fyrsta tækifærið til að eignast eigið heimili því sumir hafa dvalist á sjúkrastofnunum um lengri tíma.

Við áætluðum að einn búsetukjarni verði tilbúinn í janúar á næsta ári og svo koll af kolli þannig að störfum þessa hóps ljúka í lok næsta árs þegar búið verður að bjóða öllum 38 einstaklingum upp á sértæka búsetu og þjónustu. Að mati hópsins er verið að stíga mikilvægt skref í hagsmunamálum geðfatlaðra.